

AUGLÝSING

um álagningu á lyf og lyfjaefni í heilidsölu.

Ráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt tillögu lyfjaverðlagsnefndar, að álagning í heilidsölu á lyf og lyfjaefni verði 16% og er sú ákvörðun miðuð við breytingu á markaðsgengi íslenskrar krónu 30. ágúst 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

19. ágúst 1974.

Nr. 270.

REGLUGERÐ

um menntaskóla.

I. KAFLI

Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal a. m. k. þrír í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

2. gr.

Það er markmið menntaskóla að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám og þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins.

3. gr.

Menntaskólar eru fjögurra ára skólar. Í skipulagi skólanna skal að því stefnt, að nemendur eigi vól á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir, ekki síst með tilliti til framhaldsnáms í háskóla.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir pílta og stúlkur.

5. gr.

Setja má á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknum ákvæðum laga nr. 12/1970, um menntaskóla, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem löggin setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

6. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

7. gr.

Umsóknir um skólavist skulu ritaðar á eyðublöð, sem menntamálaráðuneytið lætur gera, og skulu fylgja þeim þau gögn, er þar greinir.

8. gr.

Samkvæmt lögum nr. 12/1970 taka menntaskólar í hinu samfellda skólakerfi við af bóknámsdeildum miðskóla, og veitir próf úr þeim deildum rétt til inn- göngu í 1. bekk menntaskóla með þeim skilyrðum, er sett eru í reglugerð um það próf. Rétt til inngöngu í 1. bekk veitir og lokapróf fyrra árs í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, sbr. reglugerð nr. 93/1970, svo og verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands með lágmarkseinkunninni 6.00 og Samvinnuskólapróf með sömu lágmarks- einkunn. Heimilt er að taka í 1. bekk nemendur af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi að dómi skólastjórnar og umsókn um skóla- vist studd meðmælum skólastjóra þess skóla, er nemandinn hefur síðast stundað nám í.

Eftir því sem lög nr. 55/1974, um skólakerfi, og lög nr. 63/1974, um grunnskóla, koma til framkvæmda, fer um réttindi til inngöngu í 1. bekk menntaskóla eftir reglum, sem settar verða með hliðsjón af þeim lögum.

9. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki menntaskóla sem reglulegur nemandi þarf nemandi að fullnægja inntökuskilyrðum 1. bekkjar (sbr. 8. gr.) og námskröfum allra bekkja fyrir neðan þann, er sótt er um inngöngu í. Enn fremur skal hann standast öll lokapróf í lægri bekkjum (sbr. IV. kafla).

Nú óskar nemandi, er staðist hefur lokapróf fyrra árs í framhaldsdeild gagn- fræðaskóla, inngöngu í 2. bekk menntaskóla, og skal þá eftirgreindum skilyrðum fullnægt, sbr. reglugerð nr. 93/1970, um réttindi nemenda úr framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna til inngöngu í aðra skóla:

- a) að skólastjóri gagnfræðaskólans eða námsráðgjafi mæli sérstaklega með um- sækjanda til menntaskólanáms, og séu meðmælin send beint til viðtökuskóla,
- b) að umsækjandinn standist próf viðtökuskólans í þeim greinum, sem kenndar eru á fyrsta námsári hans, en ekki í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna. Heimilt er viðtökuskóla að fresta slíkum prófum, ef um er að ræða greinar, sem ekki teljast beinn undirbúningur undir nám á öðru námsári skólans,
- c) að umsækjandinn afli sér viðbótarkennslu í þeim greinum, þar sem viðtöku- skóli telur, að námsefni framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna nægi ekki til undir- búnings undir áframhaldandi nám í menntaskóla, og skal umsækjandinn í þeim tilgangi eiga aðgang að haustnámskeiðum þeim, sem haldin eru við menntaskólana, með sömu kjörum og reglulegir nemendur skólanna,
- d) að meðaleinkunn umsækjanda á lokaprófi hafi verið eigi lægri en 6.5 og einkunn í hverri grein eigi lægri en 4.0.

Lokapróf síðara árs í framhaldsdeild gagnfræðaskóla veitir ekki réttindi til styttingar námstímans umfram það, er lokapróf fyrra árs veitir.

III. KAFLI

Um námsefni og kennslu.

10. gr.

- I. a) Námsefni skólanna skal metið í einingum, og skal hver eining jafngilda einni meðalkennslustund á viku í eitt skólaár. Meðalkennslustund er 45 mínútur. Heildarnámsefni skólanna skal vera sem næst 144 einingar.
- b) Námsefni skólanna skal vera þriðætt: kjarni, kjörsvið og valgreinar.
Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans,

hvaða námsbraut sem þeir velja sér innan skólans. Þetta námsefni má nema allt að 100 einingum.

Kjörsviðin eru grundvöllur deildaskiptingar innan skólans. Þau eru flokkar samstæðra greina, og skal hver nemandi velja einn slíkan flokk í heild. Þetta námsefni skal nema 24 einingum hið fæsta.

Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða til kjörsviðs nemandans. Þetta námsefni skal nema 14 einingum hið fæsta.

Hlutverk kjarnans er að leggja breiðan almennan grundvöll að náminu, hlutverk kjörsviðs að tryggja nokkra dýpt á ákveðnu sviði. Kjarni og kjörsvið skulu til samans tryggja þá kunnáttu og þann þroska, er geri nemendur hæfa til að takast á hendur nám í háskóla.

Hér fer á eftir skrá um námsgreinar í kjarna og kjörsvið, og skal einingafjöldi í hverri grein vera sem næst því, er þar segir.

II. Kjarni.

Í hinum sameiginlega kjarna skulu vera þessar námsgreinar:

Íslensk tunga og bókmenntir	15 einingar
Erlent tungumál	18 —
Félagsvísindi	18 —
Náttúruvísindi	18 —
Stærðfræði	12 —
Listir	3 —

Samtals 84 einingar

Auk þess skal nemendum séð fyrir líkamsæfingum og íþróttaiðkun við hæfi, og skal ætla til þess allt að 12 einingum.

Framangreind skipan námsgreina í kjarna er miðuð við, að kennsla í erlendum málum verði eflað á fyrri skólastigum og jafnframt, að nemendur hafi almennt öðlast kunnáttu í vélritun, áður en þeir koma í menntaskóla. Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu námsgreinar í kjarna því vera sem hér segir:

Íslensk tunga og bókmenntir	15 einingar
Danska	6 —
Enska	9 —
3. erlent tungumál (franska eða þýska)	12 —
Saga og félagsfræði	12 —
Náttúruvísindi (náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði, stjörnufræði)	15 —
Stærðfræði	12 —
Listir	2 —
Vélritun og frágangur skriflegra verkefna	1 —

Samtals 84 einingar

Líkamsrækt

allt að 12 —

III. Kjörsvið.

Meðal kjörsviða til stúdentsprófs skulu vera þessi:

1. Nýmálakjörsvið.

Íslenska (málvísindi)	3 einingar
Enska	9 —
3. erlent tungumál (franska eða þýska)	3 —
4. erlent tungumál	12 —
(eða 4. erlent tungumál 8 einingar og latína 4 einingar)	

Heimspeki	3	—
Bókmenntir	3	—
	Samtals	33 einingar
Valgreinar	15	einingar
Kjarni	96	—
	Heildarnámsefni	144 einingar

2. Fornmálakjörsvið.

Íslenska (málvísindi)	3	einingar
4. erlent tungumál (latína og/eða gríska)	18	—
Saga (fornaldarfræði)	6	—
Heimspeki	3	—
Bókmenntir	3	—
	Samtals	33 einingar
Valgreinar	15	—
Kjarni	96	—
	Heildarnámsefni	144 einingar

3. Eðlisfræðakjörsvið.

Stærðfræði (m. a. hagnýtt stærðfræði)	15	einingar
Eðlisfræði og efnafræði	18	—
	Samtals	33 einingar
Valgreinar	15	—
Kjarni	96	—
	Heildarnámsefni	144 einingar

4. Náttúrufræðakjörsvið.

Stærðfræði	9	einingar
Líffræði, jarðfræði—landafræði	12	—
Eðlisfræði, efnafræði (þar með talin lífefnafræði)	12	—
	Samtals	33 einingar
Valgreinar	15	—
Kjarni	96	—
	Heildarnámsefni	144 einingar

5. Félagsfræðakjörsvið.

Hagfræði og félagsfræði (megingreinar), saga, heimspeki, sálfræði	33	einingar
Valgreinar	15	—
Kjarni	96	—
	Heildarnámsefni	144 einingar

Menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar, hvaða kjörsvið skuli vera í hverjum skóla. Skal stefnt að því, að vól sé sem flestra kjörsviða á hverjum stað. Heimila má einstökum skólum að einbeita sér að tilteknum kjörsviðum.

Auk framangreindra kjörsviða koma m.a. til greina viðskiptakjörsvið, iðnaðar- og tæknikjörsvið, tónlistarkjörsvið og myndlistarkjörsvið. Getur menntamálaráðuneytið heimilað skólastjórn að viðurkenna nám í sérskóla sem hluta af kjörsviðsnámi.

IV. Valgreinar.

Nemendum skal eftir föngum gefinn kostur á að nota sér valfrelsið jafnt til að efla kunnáttu sína í kjarna- og kjörsviðsgreinum sem til að auka almenna menntun sína með því að leggja stund á nýjar greinar. Skal með nægilegum fyrirvara kynna nemendum ár hvert, hvaða valgreina verði kostur næsta skólaár, og skulu þeir hafa tilkynnt val sitt innan þeirra tímamarka, er skólastjórn ákveður. Eigi er skylt að kenna grein, ef fjöldi þátttakenda í henni fer niður fyrir ákveðið lágmark, er menntamálaráðuneytið tiltekur. Skólastjórn getur ákveðið, að nám í sérskóla skuli viðurkennt sem valgrein.

11. gr.

Um val kjörsviðs og valgreina skulu nemendur jafnan hafa samráð við skólastjóra og kennara eða þá starfsmenn skólanna, sem til slíks eru settir.

12. gr.

Um námsefni í einstökum greinum fer eftir námsskrá, sem menntamálaráðuneytið setur, að fenginni umsögn háskólaráðs. Deildarstjórar gera tillögur til skólastjóra um breytingar á námsskrá svo oft sem þurfa þykir.

13. gr.

Í kennslunni skal áhersla lögð á að vekja skilning nemenda á tilgangi námsins með því að gera þeim sem ljósast almennt eðli og markmið hverrar námsgreinar, tengsl hennar við önnur þekkingarsvið og hið sérstaka uppeldis- og menntunarhlutverk, sem henni er ætlað í námsskrá menntaskólanna.

14. gr.

Leitast skal við að kenna nemendum að afla sér þekkingar á eigin spýtur og leita fanga víðar en í fyrirskipuðum kennslubókum. Skal í þeim tilgangi kynna þeim handbækur og auðnotuð tímarit og bókfræðirit í hinum ýmsu lærdómsgreinum og þjálfa þá í notkun bókasafna og annarra heimildasafna. Einnig skulu nemendum, einkum er ofar dregur í skólanum, fengin sjálfstæð viðfangsefni við hæfi, er þeir vinni að undir handleiðslu kennara, í kennslustundum eða utan þeirra. Skal nemendum meðal annars kennt að vinna saman í stærri eða smærri hópum að úrlausn slíkra verkefna.

15. gr.

Kennslan skal í hvívetna miða að því að glæða sjálfstæða hugsun og andlegan heiðarleik nemenda. Skulu kennarar, eftir því sem hver námsgrein gefur tæk á, veita nemendum tækifæri til að efla dómgreind sína og sanngirni með því að kynnast ólíkum kenningum og skoðunum, gagnrýna viðhorf og niðurstöður og fella rökstudda dóma. Skal jafnan að því stefnt, að nemendum skiljist af eigin raun, að markmið námsins er ekki fyrst og fremst að tileinka sér viðtekin þekkingaratriði eða sjónarmið, heldur að læra að umgangast staðreyndir og hugmyndir af heiðarleik, viðsýni og umburðarlyndi.

16. gr.

Kennarar skulu, hver í sinni kennslugrein, leitast við að glæða skilning nemenda á mikilvægi ljósrar framsetningar og vandaðs málfars. Til að venja nemendur á

að setja hugsanir sínar fram skýrt og skipulega í ræðu og riti skal, eftir því sem við á í hverri kennslugrein, gefa þeim tækifæri til að ræða námsefnið í kennslustundum og fjalla um það í ritgerðum.

17. gr.

Skólastjórn skal gæta þess, að námsþoli nemenda sé ekki ofboðið. Sérstök áhersla skal á það lögð, að vinnuálag sé sem jafnast og kennslu þannig hagað, að stilla megi kröfum um próflestur í hóf. Einnig skal þess gætt, að vinna nemenda skiptist á námsgreinar eftir sanngjörnum hlutföllum, og skal skólastjórn sjá svo um, að deildarstjórar hafi sem nánasta samvinnu sín á milli um þetta efni.

18. gr.

Til að efla tengsl skólanna við umheim sinn skal utan kennslustunda flytja erindi og með öðrum hætti kynna nemendum ýmis efni, þeim til fróðleiks og skemmtunar. Einnig skal nemendum gefinn kostur á því að heimsækja söfn og sýningar, opinberar stofnanir, fyrirtæki og vinnustaði með leiðsögn sérfróðra og kunnugra manna.

IV. KAFLI

Um námsáfangi, próf og mat á námsárangri.

19. gr.

Skipulagsgrundvöllur kennslunnar er skólaárið, en heimilt er að skipta því í skemmri áfangi (annir) eftir því sem henta þykir. Í lok hvers námsáfangi skal úrskurða um hæfni nemenda til að hefja nám á næsta áfangi. Í þeim tilgangi má eftir þörfum halda yfirlitspróf í námsefni áfangans eða námsársins.

20. gr.

Í lok hvers námsáfangi skal í hverri grein, þar sem ekki er um lokapróf að ræða, gefa **annareinkunn**, er sker úr um hæfni nemandans til að stunda nám í greininni á næsta áfangi. Einkunnin miðast við frammistöðu nemandans á áfanganum eða úrlausn hans á prófi í lok áfangans eða hvort tveggja þetta í tilteknu hlutfalli. Skal í upphafi skólaárs tilkynna nemendum, hvernig háttað verði einkunnagjöf í hverri grein.

21. gr.

Í lok 1.—3. námsárs skal í hverri grein gefa **aðaleinkunn**, sem er vegið meðaltal annareinkunna, og **fullnaðareinkunn**, sem er meðaltal aðaleinkunna, reiknað með einum aukastaf. Einkunnir á lokaprófum teljast aðaleinkunnir og reiknast með til fullnaðareinkunnar hvers árs á sama hátt og aðrar aðaleinkunnir. Aðaleinkunnir og fullnaðareinkunn skera úr um hæfni nemandans til að hefja nám á næsta námsári.

Ef sérstök einkunn er gefin fyrir verklegan þátt greinar, er eigi skylt að gefa annareinkunn, og er þá aðaleinkunn dómur um frammistöðu nemandans á námsárinu öllu.

22. gr.

Við einkunnagjöf skal notaður einkunnastigi frá 0 til 10 í heilum og hálfum bilum. Einkunnina 0 skal aðeins gefa fyrir svo afleita frammistöðu, að sýnilega sé um algjöra vanrækslu nemandans á greininni að ræða. Á sama hátt skal einkunnin 10 aðeins gefin fyrir afburða kunnáttu eða leikni í greininni, er beri vott um sjálfstætt framtak nemandans í náminu.

23. gr.

Rétt til að flytjast milli námsáfanga eða námsára án frekari skilyrða öðlast þeir nemendur, er hljóta eftirtaldar lágmarkseinkunnir (sbr. þó ákvæði 34. gr. um lágmarkseinkunnakröfur á lokaprófum):

Annareinkunn: 3.0.

Aðaleinkunn: 3.0.

Fullnaðareinkunn: 5.0.

24. gr.

Hljóti nemandi annareinkunn undir 3.0, á hann rétt á tækifæri til að uppfylla lágmarkseinkunnakröfur með því að gangast undir próf í námsefni annarinnar í viðkomandi grein annaðhvort á síðari námsáfanga eða eftir að námsárinu lýkur. Sé um hið síðara að ræða, skal nemandinn hafa fullnægt öllum öðrum kröfum um flutning milli námsára. Einnig má í tilteknum greinum veita nemanda tækifæri til að fullnægja lágmarkskröfum með því að bæta sig svo í greininni, að meðtalt næstu annareinkunnar og hinnar fyrri nái lágmarki.

Nú fellur nemandi á endurtekningaprófi í **einni grein** og skal þá skólustjórn heimilt að leyfa honum setu í næsta bekk fyrir ofan, ef fullnaðareinkunn hans er yfir 6.0. Slíka undantekningu má þó aðeins gera einu sinni á ferli nemandans í skólanum.

25. gr.

Nú hefur nemandi uppfyllt lágmarksskilyrði um fullnaðareinkunn, og á hann þá rétt á tækifæri til að uppfylla lágmarksskilyrði um aðaleinkunn fyrir upphaf næsta námsárs með því að gangast undir próf í námsefni alls ársins í allt að 3 greinum, þar sem aðaleinkunn hans er undir lágmarki. Ef aðaleinkunn er undir lágmarki í fleiri en þremur greinum, svo og ef nemandinn hefur hlotið aðaleinkunnina 0 í einhverri grein, telst hann óhæfur til að hefja nám á næsta námsáfanga, án tillits til fullnaðareinkunnar hans (sbr. þó 27. gr. um afburðahæfileika).

26. gr.

Í skólum, þar sem námsárinu er ekki skipt í skemmri áfanga, skulu, auk annarra ákvæða þessa kafla, er við eiga, gilda þessi sérákvæði um próf, einkunnir og flutning milli námsára

- a. Sem næst miðjum vetri skal í hverri námsgrein gefa **miðsvetrareinkunn**, er gefi til kynna, hvar nemandinn er á vegi staddur í náminu. Miðsvetrareinkunn er ætluð nemandanum til ábendingar og aðvörunar og hefur því aðeins sjálfstætt gildi við ákvörðun aðaleinkunnar, að ekki sé í árslok prófað í því námsefni, sem lokið var kennslu í, þegar miðsvetrareinkunn var gefin.
- b. Aðaleinkunn má byggja á frammistöðu nemandans á námsárinu eða á úrlausn hans á prófi í lok námsársins eða á hvoru tveggja. Heimilt er að gefa sérstaka einkunn fyrir frammistöðu á námsárinu („árseinkunn“) og aðra fyrir úrlausn á prófi, og er þá aðaleinkunn meðtalt þessara einkunna.
- c. Nemandi, sem hlotið hefur fullnaðareinkunn lægri en 5.0, en eigi lægri en 4.5, á rétt á að taka fyrir upphaf næsta skólaárs próf í námsefni alls ársins í þeim greinum, þar sem aðaleinkunn hans var undir 5.0, enda hafi hann ekki hlotið aðaleinkunn undir lágmarki (3.0) í fleiri en þremur greinum. Ef einkunnir nemandans að þeim prófum loknum fullnægja lágmarkskröfum um aðaleinkunn og fullnaðareinkunn, öðlast hann rétt til að hefja nám á næsta námsári. Leyfi af þessu tagi má aðeins veita einu sinni á ferli nemandans í skólanum.

27. gr.

Nú fullnægir nemandi ekki lágmarkskröfum um flutning milli námsáfanga eða námsára, en hefur hins vegar sýnt frábæra hæfileika á tilteknu námssviði. Má þá leyfa honum að hefja nám á næsta námsáfanga eða námsári án sérstakra prófa, enda komi til meðmæli deildarstjóra á viðkomandi námssviði og samþykki skólastjórnar.

28. gr.

Þótt námsáfanga eða námsári ljúki með prófi í einni grein eða öllum greinum, getur skólastjórn flutt nemanda milli áfanga eða ára án prófa, ef hún telur sýnt með öðrum hætti að hann hafi nægan þroska og þekkingu til þess.

29. gr.

Próf í lok námsáfanga eru munnleg eða skrifleg eða hvort tveggja eftir ákvörðun skólastjórnar að fengnum tillögum deildarstjóra.

30. gr.

Þegar kennslu lýkur til fulls í grein, skal gefin námseinkunn í greininni. Er hlutverk hennar að sýna, hvar nemandinn er á vegi staddur í greininni, að dómi skólans, er kennslu lýkur í henni. Leitast skal við að gefa þessa einkunn eftir eins föstum reglum og við verður komið í hverri grein og reynt eftir föngum að samræma hana í menntaskólunum.

Lokapróf skal halda í hverri grein. Þegar kennslu í henni er lokið að fullu. Það skal eftir þörfum vera yfirlitspróf. Á lokaprófi skal prófað skriflega eftir því sem við verður komið, en auk þess skal heimilt að prófa á annan hátt (munnlega, verklega) eftir því sem þörf krefur.

Skrifleg lokapróf skulu eftir föngum vera hin sömu í öllum menntaskólunum (landspróf).

Einkunn á lokaprófi heitir **prófseinkunn** nemandans í greininni.

Nú hefur nemandi eigi stundað nám nógu lengi í skólanum til þess að fært þyki að gefa honum námseinkunn. Skulu þá áfangaeinkunnir og mat á verklegri vinnu vera hluti af prófseinkunn hans, og skal fyrirfram ákveðið, hve mikill hluti prófseinkunnar þessir þættir eiga að vera.

31. gr.

Heimilt er að halda lokapróf í hluta af grein, er kennslu í skýrt afmörkuðum þætti námsefnisins lýkur, og skal þá einkunn á því prófi reiknast sem hluti af lokaeinkunn í greininni. Hlutfallslegt gildi einkunnar á slíku hlutaprófi skal ákveðið fyrir fram og tilkynnt nemendum með sanngjörnum fyrirvara.

32. gr.

Á lokaprófi skal gefa tvær einkunnir í þessum greinum:

Í kjarna: íslensku.

Á málakjörsviðum: ensku.

Á eðlisfræðakjörsviði: stærðfræði og eðlisfræði.

Á náttúrufræðakjörsviði skal gefa sína einkunnina fyrir hvort, líffræði og jarðfræði—landfræði.

33. gr.

Nú lýkur kennslu í námsgrein með lokaprófi á 1.—3. námsári, og á þá nemandi, sem ekki nær lágmarkseinkunn, rétt á að endurtaka lokaprófið í samræmi við ákvæði 24.—25. greinar (eða 26. greinar, ef við á).

34. gr.

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur gengist undir lokapróf í öllum námsgreinum sínum og fullnægt eftirfarandi lágmarkskröfum um einkunnir: Prófseinkunn í hverri grein: 3.0.

Meðaltal námseinkunna og prófseinkunna: 5.0.

Nemandi telst þó hafa lokið stúdentsprófi, þótt tvær prófseinkunnir hans séu undir ofangreindu lágmarki. Á því nemandi, að öðrum skilyrðum uppfylltum, rétt á að flytjast milli námsáfanga og námsára á 1.—3. námsári, þótt prófseinkunn hans í lokagrein sé undir lágmarki, meðan hann hefur ekki hlotið fleiri en tvær slíkar einkunnir.

Einkunnir í greinum, þar sem námsefni nemur minna en þremur einingum, reiknast ekki með til meðaltala þeirra, er um ræðir í þessari grein.

Skólastjórn getur veitt nemanda undanþágu frá lokaprófi í líkamsrækt, ef gildar ástæður eru til að dómi skólalæknis.

35. gr.

Nú hefur nemandi í lok 4. námsárs fullnægt skilyrðum um meðaleinkunnir til að ljúka stúdentsprófi samkvæmt 34. grein, en hlotið einkunn undir lágmarki á lokaprófi 4. árs í einni eða tveimur greinum umfram það, sem heimilað er í 34. grein. Skal hann þá eiga rétt á tækifæri til að ljúka stúdentsprófi með því að endurtaka síðar á námsárinu eða á næsta hausti lokapróf í þeim greinum, þar sem einkunn hans var undir lágmarki, að tveimur kjarnagreinum frátöldum. Ef einkunn á lokaprófi í fleiri en fjórum greinum er undir lágmarki, á nemandi ekki rétt á að endurtaka lokapróf.

36. gr.

Kennarar skólanna prófa hver í sinni grein.

Við próf í lok áfanga getur skólastjóri skipað prófdómara úr hópi kennara skólans.

Umsjón með lokaprófum skal falin prófdómendum, er menntamálaráðuneytið skipar til allt að fjögurra ára í senn eftir tillögum skólastjóra, að fenginni umsögn háskólaráðs.

Við lokapróf dæma hlutaðeigandi kennari og prófdómandi um frammistöðu nemenda. Skrifleg prófverkefni skulu háð samþykki prófdómanda. Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, fer yfir þær og dæmir, en afhendir þær síðan prófdómanda, sem leggur mat sitt á einkunnagjöfina. Ef ágreiningur verður um einkunn, hvort heldur er fyrir munnlega eða skriflega úrlausn, skal taka meðaltal einkunna kennara og prófdómanda. Lendi meðaltal á miðju bili einkunnastigans, skal valin sú einkunn, sem nær er tillögu prófdómandans.

Sé um landspróf að ræða, getur menntamálaráðuneytið falið sérstökum prófnefndum að semja verkefni og dæma úrlausnir frá öllum skólunum.

37. gr.

Nemendur, er lokið hafa stúdentsprófi, skulu fá skirteini, er sýni,

- 1) Kjörsvið (deild);
- 2) heildarfjöldi námseininga í hverri grein;
- 3) námseinkunnir og prófseinkunnir, svo og fullnaðareinkunn.

Nemendur, er hverfa úr skóla án þess að ljúka stúdentsprófi, eiga rétt á að fá vottorð, er sýni lengd skólagöngu, heildarfjöldi vikustunda í hverri grein, aðal-einkunnir og fullnaðareinkunn í lok síðasta skólaárs, svo og síðustu annareinkunn í hverri grein, ef nemandi hættir námi áður en skólaári lýkur.

38. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í Háskóla Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerðum.

39. gr.

Skólastjórn getur heimilað nemanda, sem lokið hefur stúdentsprófi, að endurtaka lokapróf í einstökum greinum í þeim tilgangi að bæta einkunn sína, enda sé um öflun tiltekinna réttinda að ræða og fullar líkur á tilætluðum árangri af endurtekt.

Einnig má heimila nemanda, sem lokið hefur stúdentsprófi á einhverju kjörsviði, að þreyta lokapróf í einstökum greinum annars kjörsviðs til þess að afla sér þeirra réttinda, er slík próf veita.

Skólinn gefur sérstök vottorð um slík viðbótarpróf, en stúdentsprófsskirteini nemandans stendur óhaggað.

40. gr.

Heimilt er að krefja alla þá, er stúdentsprófi ljúka, um prófgjald. Skólastjórn kveður á um upphæð prófgjalda sem og um það, hvernig fénu skuli varið í þágu nemenda.

41. gr.

Skólastjórn getur heimilað nemanda að ljúka prófum 1.—3. námsárs utan skóla, enda fullnægi hann inntökuskilyrðum 1. bekkjar (sbr. 8. gr.) og námskröfum allra bekkja neðan við þann, sem nemandinn óskar að taka próf upp úr.

Á sama hátt má heimila nemanda að ganga undir lokapróf 4. námsárs utan skóla, og skal hann þá eiga rétt á að ljúka þeim lokaprófum 1.—3. námsárs, sem hann kann að eiga ólokið, haustið áður.

42. gr.

Umsóknir um leyfi til að þreyta próf utan skóla skulu berast skólastjóra eigi síðar en hér segir:

Umsóknir um leyfi til að þreyta próf í lok námsáfanga: Mánuði áður en próf er haldið.

Umsóknir um leyfi til að þreyta haustpróf: 15. júní.

Umsóknir um leyfi til að þreyta lokapróf 4. námsárs næsta vor: 15. júní.

Nemendur skólanna, sem rétt eiga á að þreyta sérstök próf (svo sem endurtektarpróf) til að uppfylla skilyrði um flutning milli námsáfanga eða námsára, skulu tilkynna skólastjóra þátttöku með þeim fyrirvara, sem skólastjórn ákveður.

43. gr.

Nú getur nemandi ekki þreytt almennt próf vegna veikinda eða annarra gildra forfalla, og getur þá skólastjórn leyft honum að ljúka prófi á næsta námsáfanga eða í upphafi næsta námsárs.

44. gr.

Miða skal próf við námstillhögun og kröfur í hverri grein. Jafnframt skal leitast við að miða próf við það þekkingarstig, sem nemendum er hverju sinni ætlað að hafa náð, frekar en við tiltekna námsbækur eða lestrarefni.

45. gr.

Skriflegu lokaprófi skal ætla sérstakan prófdag, og skal þeim, er það þreyta, ekki skylt að þreyta önnur skrifleg próf þann dag. Skrifleg próf önnur en lokapróf skal heimilt að halda fleiri en eitt á dag.

46. gr.

Við skrifleg próf í lok námsáfanga skal ætla hverri grein 1—3 stundir. Í skóla, þar sem námsárinu er ekki skipt í skemmri áfanga, má þó ætla íslenskri ritgerð og skriflegri stærðfræði allt að 4 stundum.

Við skrifleg lokapróf skal ætla hverri grein 2—4 stundir.

47. gr.

Við skrifleg próf annast skólarnir eftirlit. Við skrifleg lokapróf hafa prófdómendur rétt til eftirlits.

48. gr.

Við skrifleg próf má nota þau gögn ein, er skólastjórn leyfir. Nemendur, sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða veita eða þiggja hjálp við próf umfram það, sem heimilað er, hafa fyrirgert rétti til frekari þátttöku í prófum á viðkomandi námsáfanga eða námsári. Skal minna nemendur á þetta ákvæði, áður en skrifleg próf hefjast.

49. gr.

Verkefni á prófum og úrlausnir nemenda eru eign skólanna, og er skylt að geyma skriflegar úrlausnir eigi skemur en eitt ár. Nemandi á rétt á að sjá úrlausn sína og fá greinargerð fyrir einkunnagjöf. Skulu kennarar gera sér far um að sýna nemendum úrlausnir, þar sem því verður við komið.

50. gr.

Nemendur skulu eiga þess kost að ljúka fjögurra ára námi í menntaskóla með menntaskólaprófi í stað stúdentsprófs. Til menntaskólaprófs er ekki krafist sérstaks kjörsviðs. Í stað þess skal nemandi velja sér námsefni á ýmsum kjörsviðum, eða hagnýtar valgreinar, sem standa kunna til boða í skólanum. Skal þetta námsefni nema a. m. k. sama einingafjölda og krafist er á kjörsviði til stúdentsprófs.

Val greina á hverju námsári skal háð samþykki skólastjórnar.

Til að ljúka menntaskólaprófi skal nemandi

- a) standast lokapróf í kjarnagreinum með sömu skilyrðum og sett eru um stúdentspróf;
- b) standast lokapróf í öðru námsefni, er nemi a. m. k. sama einingafjölda og krafist er í kjörsviðsgreinum og valgreinum samanlagt til stúdentsprófs, og fullnægja á þeim prófum sömu skilyrðum og sett eru um einkunn í hverri grein og meðaltal einkunna í kjörsviðsgreinum til stúdentsprófs.

Nemendur, er lokið hafa menntaskólaprófi, skulu fá skirteini, er veiti sams konar upplýsingar og skirteini um stúdentspróf.

Skólastjórn getur ákveðið, að nám í sérskóla skuli viðurkennt til menntaskólaprófs.

Ákvörðun um að ljúka menntaskólaprófi í stað stúdentsprófs skal tekin eigi síðar en einum mánuði eftir upphaf fjórða námsárs.

Menntaskólapróf veitir ekki rétt til inngöngu í Háskóla Íslands nema með leyfi háskólaráðs.

51. gr.

Leyfi til að ljúka stúdentsprófi eða menntaskólaprófi án setu í menntaskóla má veita þeim, er á venjulegum menntaskólaaldri hafa t. d. lagt stund á annað nám eða

störf, en æskja að afla sér þeirrar menntunar eða þeirra réttinda, er fylgja prófi frá menntaskóla. Af umsækjenda um slíkt leyfi skal þess krafist,

- 1) að hann hafi náð 21 árs aldri,
- 2) að hann leggi fram, að höfðu samráði við skólastjórn, áætlun um dreifingu lokaprófa sinna, þannig að eigi líði meira en tvö ár milli fyrsta og síðasta áfanga,
- 3) að hann fullnægi sömu skilyrðum um lágmarkseinkunnir og aðrir, er stúdentsprófi eða menntaskólaprófi ljúka.

Standist umsækjandi ekki lokapróf í fyrstu atrennu, skal honum heimilt að endurtaka það á síðara prófáfanga. Standist hann ekki lokapróf á síðasta prófáfanga, skal honum heimilt að bæta einum prófáfanga við, enda sé ekki um fleiri en fjögur lokapróf að ræða, þar af tvö í kjarna.

Umsækjandi skal, ef svo ber undir, leggja fram skilríki um nám og próf á menntaskólastigi, og skal skólastjórn heimilt að láta slík próf koma í stað einstakra lokaprófa skólans eða hluta af þeim, enda sé, að dómi skólastjórnar, um að ræða jafngilt námsefni og sambærilegar prófkröfur. Þar sem um verkleg próf er að ræða, skal skólastjórn heimilt að láta starfsreynslu umsækjanda koma í þeirra stað.

Umsækjandi skal eiga aðgang að haustnámskeiðum skólanna til jafns við reglulega nemendur þeirra. Einnig skal honum heimilt, í samráði við skólastjórn og að fengnu leyfi hlutaðeigandi kennara, að sækja kennslustundir í einstökum námsgreinum, sér að kostnaðarlausu, þegar eftir að fallist hefur verið á umsókn hans.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að setja á stofn sérstök námskeið, þ. á m. kvöldskóla, í þágu þeirra, sem fjallað er um í þessari grein.

52. gr.

Ef nám í öðrum skóla eða starfsreynsla er látin koma í stað lokaprófa í menntaskóla, sbr. 10. gr. III. og IV. og 51. gr., er heimilt að gefa einkunina staðist í hlutaðeigandi greinum, og skulu þá meðaleinkunnir reiknaðar án tillits til þeirra greina.

V. KAFLI

Um starfslið skólanna.

53. gr.

Menntaskólar skulu vera svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Við hvern menntaskóla, sem hefur tvær bekkjardeildir hið fæsta í 1. bekk og fullnægir öðrum skilyrðum, sem menntamálaráðuneytið kann að setja, skal því auk skipaðs skólastjóra og kennara ráða í eftirtalin störf m. a.:

A. Umsjónar- og ráðgjafarstörf.

1. Aðstoðarskólastjóri (konrektor) skal ráðinn af menntamálaráðuneytinu til fimm ára í senn úr hópi fastra kennara á menntaskólastigi, og skal starfið áður hafa verið auglýst. Endurráðning er heimil. Við ráðningu aðstoðarskólastjóra skal taka tillit til starfsreynslu umsækjanda auk annarra verðleika. Skólastjóri skal veita umsögn um umsækjendur.

Aðstoðarskólastjóri skal vera staðgengill skólastjóra og honum til aðstoðar við daglega stjórn skólans, skýrsluhald, gerð stundaskrár og próftöflu og framkvæmd prófa. Hann annast ásamt deildarstjórum kynningu kjörsviða og valfrjálsra greina meðal nemenda.

2. **Bókavörður** hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum. Hann annast skráningu bókasafnsins og sér um að halda því í röð og reglu og annast innkaup bóka til safnsins í samráði við skólastjóra og deildarstjóra. Hann leiðbeinir nemendum um, hvernig þeir geti sem best hagnýtt sér bókasafn skólans.

Í skóla, þar sem starf bókavarðar er fullt starf, skal leita eftir manni með sérmenntun bókavarða til starfans.

3. **Deildarstjóra** skal ráða í bóklegum greinum, sem kenndar eru í kjarna og/eða kjörsviði, ef tímalfjöldi nemur 40 stundum á viku hið minnsta. Fela má deildarstjórnum umsjón með valgreinum. Heimilt er að hafa einn deildarstjóra yfir skyldum greinum. Við hvern menntaskóla skulu vera þrír deildarstjórar hið fæsta, og sé þá einn í hverjum þessara greinaflokka: a) Íslensku og félagsvísindum, b) náttúruvísindum og stærðfræði, c) erlendum málum.

Deildarstjóri skal ráðinn til 2 ára í senn úr hópi fastra kennara skólans, enda hafi viðkomandi kennt a. m. k. 2 ár fulla kennslu við menntaskóla eða sambærilega skóla. Frá því skilyrði getur yfirstjórn skólanna veitt undanþágu, ef ekki er völ á slíkum manni. Endurráðning er heimil. Við ráðningu í deildarstjórarstarf skal taka tillit til menntunar og annarra verðleika. Skólastjóri ræður deildarstjóra að höfðu samráði við kennara í viðkomandi námsgrein (-greinum) og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

Deildarstjóri hefur umsjón með kennslu, námsefni og kennslutækjum í einstökum námsgreinum eða námsgreinaflokki. Hann skýrir skólastjóra frá því í tæka tíð, ef hann telur æskilegt að gera breytingu á tækjabúnaði og húsnæði í deildinni og afla nýrra tækja eða bóka.

Deildarstjóri velur kennslubækur og ákveður yfirferð námsefnis í hverjum námsáfangi í samráði við aðra kennara í námsgreininni og sker úr, ef ágreiningur verður. Hann hefur eftirlit með prófgerð í sinni grein og samræmir einkunnagjöf. Hann hefur samráð um námsefni og kennsluáðferðir við aðra deildarstjóra skólans og við deildarstjóra í sömu grein (greinum) við aðra menntaskóla. Deildarstjóri skal fylgjast með því, að snyrtilega sé farið með efni og tæki í verklegum æfingum. Deildarstjóri er skólastjóra til ráðuneytis um ráðningu kennara í viðkomandi grein (greinum).

Deildarstjóri skal í lok hvers kennsluárs, ásamt samkennurum sínum í deildinni, gera áætlun um starfsemi deildarinnar á næsta kennsluári. Skal hann leggja áætlun þessa fyrir skólastjóra og gera í samráði við hann nauðsynlegar ráðstafanir til þess að kennarar í deildinni séu við henni búnir í tæka tíð, áður en skóli hefst, halda fund með kennurum og ganga úr skugga um, að viðbúnaður allur fyrir vetrarstarfið sé í góðu horfi. Deildarstjóri skal enn fremur halda fund með kennurum í námsgrein sinni, þegar þörf er á, og vera þeim til ráðuneytis um kennsluhætti.

Deildarstjóri hefur fastan viðtalstíma a. m. k. eina stund á viku starfsmánuði skólans. Á sumrum skal hann svara fyrirspurnum nemenda um námstílhögun í námsgrein sinni.

Deildarstjórar gera tillögur til skólastjóra um breytingar á námsskrá, sbr. 12. gr.

4. **Námsráðunautur.** Við hvern menntaskóla skal starfa námsráðunautur, og er miðað við, að í 750 nemenda skóla sé um fullt starf að ræða. Tryggja skal, að smærri skólar eigi aðgang að sambærilegri þjónustu. Menntamálaráðuneytið ræður námsráðunaut til þriggja ára í senn, að fengnum tillögum skólastjóra.

Námsráðunautur skal vera uppeldis- eða sálfræðingur, eða kennari, sem fyrir sérþekkingar og reynslu sakir telst hæfur til að takast slíkt starf á hendur.

Námsráðunautur liðsinnir nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um

einkamál. Hann fer með hvert erindi, sem undir hann er borið, og þá vitneskju, sem hann öðlast í starfi sínu í samtölum við nemendur, sem algert trúnaðarmál.

Hann er ráðunautur kennara um vandamál nemenda, og skulu kennarar leita til hans, ef nemandi sækist námið vonum seinna eða nemandi semur sig ekki að háttum skólans. Í samráði við skólastjóra hefur námsráðunautur samband við vandamenn nemenda, sem í örðugleikum eiga með nám og skólavist.

Hann er skólastjóra til ráðuneytis um þau efni er varða námsmat í skólanum og kannar og metur próf og einkunnagjöf með fræðilegum hætti. Þá er hann kennurum til ráðuneytis um gerð prófa.

Námsráðunautur á rétt til setu á fundum skólastjórnar, þegar fjallað er um námserfiðleika eða agabrot einstakra nemenda, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

Námsráðunautur skal vera til viðtals fyrir nemendur og kennara eftir samkomu-
lagi við skólastjóra.

5. Félagsráðunautur. Skólastjóri ræður félagsráðunaut, einn eða fleiri, til eins árs í senn eða skemmri tíma, ef hentara þykir.

Hann skal vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og annast af skólans hálfu fyrirgreiðslu um framkvæmd þeirra. Hann aðstoðar nemendur við að skipuleggja félagsstarf sitt þannig, að ekki valdi árekstrum, m. a. varðandi nýtingu húsnæðis, og skulu nemendur hafa samband við félagsráðunaut með nægum fyrirvara. er þeir óska afnota af húsakynnum skólans í þágu félagslífs.

Félagsráðunautur skipuleggur umsjón og eftirlit með samkomum nemenda ásamt forráðamönnum samkomunnar af þeirra hálfu, ef samkomurnar fara fram í húsakynnum skólans eða á hans vegum.

Hann skal eftir þörfum aðstoða nemendur við fjárhagsáætlanir og fjárreiður vegna félagslífs þeirra.

Þeir starfsmenn, sem taldir eru í lið A, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

B. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi** skal vera skólastjóra og aðstoðarskólastjóra til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru í skrifstofu skólans, og annast þau eftir því sem við verður komið, en aðstoð skal honum fengin eftir þörfum, að mati skólastjóra og ráðuneytis.

2. **Gjaldkeri** ber ábyrgð á, að þær einar greiðslur séu inntar af hendi, sem fullnægjandi greiðsluheimild er fyrir. Hann skal sjá um, að bókhald skólans sé fært í samræmi við þær reglur, sem ríkisbókhald og menntamálaráðuneytið setja um það á hverjum tíma. Reikningar skólans, ásamt tilskildum fylgiskjölum, skulu fullgerðar svo fljótt eftir áramót sem unnt er og sendir ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður** hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörslu, ræstingu, ljósi og hita og annast eftirlit með lóð skólans og hirðingu hennar.

2. **Tækjavörður** skal aðstoða við verklega kennslu og hafa umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörslu í samráði við deildarstjóra. Hann skal sjá um viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

3. **Húsbóndi og húsfreyja.** Skólastjóri heimavistarnefntaskóla ræður húsbónda og húsfreyju, og skulu þau hafa með höndum umsjón og stjórn í heimavist pilla og stúlkna.

Þau skulu sjá um, að fylgt sé þeim reglum, sem skólinn setur um heimilishætti, svo sem um næði, umgengni, lokunartíma og svefntíma.

Þau skulu eftir föngum vera nemendum til aðstoðar í þeim vandamálum, sem kunna að fylgja dvöl þeirra í heimavist.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, sem talin eru hér að framan í liðunum B og C.

54. gr.

Fastir starfsmenn menntaskóla eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólanna skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leita umsagnar skólastjóra.

Þeir kennarar, er gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, hljóta starfsheitið yfirkennarar.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

Skólastjórar skulu ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki ráðuneytis.

55. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, er lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, sem þeir eiga að kenna. Þeir, sem lengri hafa eðlilegan námstíma, ganga fyrir, ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti.

Kennarar skulu hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita, er sérstaklega stendur á. Þess skal vandlega gætt, að hver skóli hafi á að skipa nægilegum fjölda kennara með fyllstu menntun til að stjórna kennslu í hverri grein.

56. gr.

Hverjum kennara er skylt að hafa umsjón með einni bekkjardeild skólans, eftir því sem skólastjóri ákveður í upphafi skólaárs.

Kennari skal starfa með nemendum sínum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og nánar greinir í erindisbréfi. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum.

57. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvornig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðuneytið telur þá greinargerð fullnægjandi, getur það veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof, skal senda með árs fyrirvara. Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvornig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa ráðuneytinu fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Um framkvæmd orlofs fer að öðru leyti eftir reglum, er menntamálaráðuneytið setur. Skal þess jafnan gætt, að orlof trufla ekki störf skólans eða torveldi þau.

58. gr.

Fastir kennarar á menntaskólastigi, er eigi fullnægja gildandi kröfum um menntun kennara, skulu, þegar skólastjórn mælir með því, eiga rétt á orlofi í allt að tvö ár til að ljúka fullgildu prófi. Á þessu tímabili skulu þeir njóta launa eftir mati á aðstæðum hverju sinni. Að náminu loknu skal þeim skylt að kenna a. m. k. þrjú ár við skóla á menntaskólastigi.

Kennarar á menntaskólastigi skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í aðalkennslugreinum sínum, sér að kostnaðarlausu, til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

59. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða annarra kennslugagna. Umsókn um slíkt orlof skal senda fyrir 31. janúar, og skal fylgja ýtarleg greinargerð um verkefnið og áætlun um vinnutilhögun. Leita skal um-sagnar samstarfsnefndar menntaskólastigsins (sbr. 67. gr.), áður en ákvörðun er tekin varðandi veitingu orlofs í þessu skyni. Umsóknir skulu afgreiddar fyrir 15. júní sama ár.

60. gr.

Menntamálaráðuneytið setur föstum starsfmönnum skólanna erindisbréf.

VI. KAFLI

Um húsrými og tæki.

61. gr.

Í hverjum menntaskóla skal séð fyrir húsrými, á skólalóð eða í næsta nágrenni, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerðum, bók-hlöðu (sbr. 62. gr.), samkomusal, íþróttahúsi, kennarastofum, félagsherbergjum nemenda, skrifstofum, eldhúsi og borðstofum og geymslum. Um lágmarkskröfur í þessum efnum og hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda fer eftir ákvæðum sér-stakrar reglugerðar, sem menntamálaráðuneytið setur.

62. gr.

Við hvern menntaskóla skal vera safn bóka og annarra kennslugagna, er nem-endur eigi aðgang að jafnt á kennslutíma sem utan hans eftir reglum, sem skóla-stjórn setur. Í tengslum við bókasafnið skulu vera lestrarsalir, og skal kveðið á um stærð þeirra í reglugerð þeirri, er um getur í 61. gr.

Kennslustofur skólans skulu eftir föngum vera fagkennslustofur, og skulu þær búnar þeim kosti handbóka, hjálpargagna og kennslutækja, sem þörf er á.

Menntamálaráðuneytið semur skrá um nauðsynleg og æskileg rit og tæki. Skrána skal endurskoða í heild eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

VII. KAFLI

Um stjórn skólanna.

63. gr.

Yfirstjórn skólanna er menntamálaráðuneytið.

Skólastjórn er skólastjóri og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa að-stoðarskólastjóri, 2 fulltrúar kosnir á almennum kennarafundi og 2 fulltrúar kosnir

af nemendaráði, og hafa þeir allir jöfn réttindi. Í skólum, þar sem ekki er aðstoðar-skólastjóri, kveður skólastjóri einn mann úr hópi kennara til setu í skólaráði. Fulltrúar kennara og nemenda í skólaráði skulu kosnir til eins árs í senn.

Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri kveður skólaráð til fundar með reglulegu millibili og auk þess eftir þörfum. Ef ágreiningur rís í skólastjórn, ræður meiri hluti atkvæða. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði skólastjóra. Haldin skal gerðabók skólastjórnar.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann, einstaklingsbundnar umsóknir þeirra, svo sem um flutning milli bekkja og frestun prófa, agabrot nemenda, svo og önnur málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falið skólastjóra einum eða almennum kennarafundi í þessari reglugerð.

Skólastjórn getur falið skólastjóra að annast, á þeim tíma árs er skólinn starfar ekki afgreiðslu mála, er undir skólastjórn falla.

64. gr.

Skólastjóri hefur sem oddviti skólastjórnar yfirumsjón með rekstri skólans, húsum hans og munum, sjóðum, framkvæmdum og fjárreiðum öllum. Hann ber ábyrgð gagnvart menntamálaráðuneytinu á fjárhagslegri áætlanagerð í sambandi við rekstur skólans og byggingaframkvæmdir, framkvæmdir á lóð skólans, öflun nýrra tækja, bóka o. s. frv.

Skólastjóri skal hafa forystu um uppeldishlutverk skólans og bera ábyrgð á því, að öll starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerð, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann hefur yfirumsjón með námi og kennslu í skóla sínum og öðru samstarfi nemenda og kennara og skal eftir föngum hafa eftirlit með því, að kennarar og aðrir starfsmenn skólans ræki skyldu sína.

Skólastjóri skal með aðstoð kennara og námsráðunauts fylgjast sem best með framförum, hegðun og iðni nemenda og kynna sér eftir föngum hagi þeirra hvers um sig; gáfur og skapferli. Skylt er honum að gefa skýrslu um framfarir og hegðun nemenda, ef forráðamenn óska þess. Þá ber honum og að hlutast til um, að forráðamanni sé tilkynnt, ef nemandi vanrækir námið eða brýtur reglur skólans og skipast ekki við áminningar.

Kennsluskylda skólastjóra skal vera 6 kennslustundir á viku. Heimilit er þó menntamálaráðuneytinu að minnka kennsluskylduna, ef sérstaklega stendur á. Eftir 55 ára aldur er skólastjóra ekki skylt að kenna. Kennsla skólastjóra umfram skyldustundir er háð samþykki menntamálaráðuneytisins hvert ár.

65. gr.

Almennur kennarafundur fjallar um mál, er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum, og um almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmats. Skal jafnan leitað álits kennarafundar, áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnum. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Á sama hátt getur kennarafundur átt frumkvæði að því, að mál komi til meðferðar skólastjórnar.

Kennarafundur kýs við upphaf hvers skólaárs 2 fulltrúa úr hópi kennara í skólaráð.

Skólastjóri stýrir kennarafundum og boðar til þeirra samkvæmt ákvörðun skólastjórnar og endranær, er hann telur þess þörf. Skólastjóra er skylt að halda kennarafund, ef þriðjungur fastra kennara óskar þess eða fulltrúi kennara í skólaráði.

Skylt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalaus, enda séu fundirnir boðaðir þeim í tæka tíð. Stundakennurum er skylt að sækja fundi, ef skólastjóri óskar þess, enda hafa þeir þá atkvæðisrétt.

Rétt til þess að sitja kennarafundi hafa, auk kennara skólans, skólalæknir og félags- og námsráðunautar.

Haldin skal gerðabók (kennarafundarbók), þar sem skýrt er frá málum þeim, er koma til meðferðar kennarafundar.

Skólastjóri býr að jafnaði mál undir kennarafund. Þó getur hver kennari borið fram mál á fundinum. Skólastjóri sér um, að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila, nema fundurinn ákveði annað.

66. gr.

Í hverjum skóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kys tvo fulltrúa í skólaráð, og hafa þeir þar sömu réttindi og aðrir skólaráðsfulltrúar. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu menntamálaráðuneytisins. Skal þess gætt, að slíkar reglur séu þannig úr garði gerðar, að tryggt sé eftir föngum jafnrétti nemenda til áhrifa á val fulltrúa í nemendaráð.

67. gr.

Samstarfsnefnd fyrir menntaskólastigið mynda skólastjórar menntaskólanna, skólastjóra Verslunarskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands og sambærilegra skóla á menntaskólastigi, er stofnaðir kunna að verða, svo og ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja eftir þörfum samvinnu og samstiga þróun skóla á menntaskólastiginu.

VIII. KAFLI

Um heilsuvernd.

68. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar, í samráði við skólafirlækni og skólastjórn, skólalækna og skólahjúkrunarkonur og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum. Um heilbrigðiseftirlit í skólunum, þ. á m. heimavistarmenntaskólum, fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 214/1958, um heilsuvernd í skólum.

IX. KAFLI

Um skólatíma og leyfi o. fl.

69. gr.

Kennsla skal hefjast eigi síðar en 1. október, og skal prófum lokið eigi síðar en 17. júní. Um vinnuskyldu kennara utan kennslutíma á ári hverju fer eftir ákvæðum kjarasamninga (kjaradóms).

70. gr.

Um leyfi gilda ákvæði sérstakrar reglugerðar um leyfi í skólum.

71. gr.

Hlé skal vera milli kennslustunda eftir nánari fyrirmælum skólastjórnar.

72. gr.

Stefnt skal að því, að nemendur og kennarar geti lokið sem mestu af daglegri vinnu sinni í skólanum. Svo skal til haga, eftir því sem unnt er, að kennslu ljúki sem fyrst á laugardögum og undirbúningsvinna nemenda um helgar verði sem minnst.

X. KAFLI

Um reglu og aga.

73. gr.

Regla og agi skólanna skulu miða að því að friða um starf þeirra. Kennarar og nemendur skulu rækja störf sín af alúð og árvekni.

74. gr.

Nemendum eru heimil húsakynni í skólanum til skemmtana sinna og félagslífs eftir nánari ákvæðum skólastjórnar, enda gæti þeir reglu og góðrar umgengni.

75. gr.

Nemendur, sem geta ekki sótt skólann sökum veikinda eða annarra gildra ástæðna, skulu tilkynna forföll. Skólastjórn hvers skóla setur nánari reglur um skóla-sókn. Eigi er skylt að taka önnur læknisvottorð gild en vottorð skólalæknis.

76. gr.

Nú gerist nemandi brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er alvarlegs eðlis. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls, enda hafi námsráðunautur fjallað um málið, sbr. 53. gr. A. 4. Þó geta málsatvik verið þannig, að skólastjóri megi tafarlaust vísa nemanda burt. Ákvörðun um brottvikningu úr skóla getur nemandi skotið til menntamálaráðuneytisins.

77. gr.

Nú veldur nemandi vísitandi skemmdum á eignum skólans, og ber honum þá að bæta fullum bótum.

78. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólastjóra.

79. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn mega ekki við skólastarf hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Á skemmtunum skóla gilda þær reglur um áfengi, sem skólastjórn setur, og skulu þær vera í samræmi við áfengislöggjöf í landinu hverju sinni og fyrirmæli yfirstjórnar skólanna (bréf menntamálaráðuneytisins nr. 212/1950, um bindindiseftirlit í skólum, sbr. bréf ráðuneytisins nr. 120/1970).

80. gr.

Um önnur þau mál, sem skólastjórn hvers skóla telur, að flokkist til reglu og aga, setur hún sérreglur fyrir sinn skóla. Sama gildir, þegar talin er þörf nánari ákvæða en að framan getur. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á

slíkum sérreglum, og skal það hafa samráð við samstarfsnefnd menntaskólastigsins um nauðsynlega samræmingu þeirra.

XI. KAFLI

Um gildistöku reglugerðarinnar.

81. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 26. gr. laga nr. 12/1970, um menntaskóla, öðlist þegar gildi og kemur í stað reglugerðar nr. 12/1971, með áorðnum breytingum. Þó skal gilda ákvæði þeirrar reglugerðar um heimild til handa nemendum, er gengu inn í skólana haustið 1969 eða fyrr, til að ljúka prófum samkvæmt eldri reglum.

Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.